

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, kt. 521218-0610, Síðumúla 24, 105 Reykjavík, (hér eftir nefnt þjónustukaupi), Fjölmenningarsetur, kt. 521212-0630, Árnagata 2-4, 400 Ísafjörður, og Borgarbyggð kt. 510694-2289, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, (hér eftir nefndur þjónustusali) gera með sér svohljóðandi þjónustusamning:

Athugasemd [HIG1]: Breyta í Borgarbyggð

1. gr.
Gildissvið

Samningur þessi tekur til þjónustu við einstaklinga sem hlotið hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum eða alþjóðlega vernd hér á landi (hér eftir nefndir notendur). Þjónusta við hvern notanda samkvæmt samningi þessum skal að jafnaði ekki vara lengur en í allt að þrjú mánuði.

Um samning þennan gilda lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, lög um útlendinga, nr. 80/2016, og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

2. gr.
Markmið

Markmið samnings þessa er að tryggja notendum, sbr. 1. gr., fullnægjandi þjónustu þar til þeir eru komnir með varanlega búsetu í húsnæði og þjónustu hjá sveitarfélagi.

3. gr.
Fjöldi notenda í þjónustu

Frá og með 7. apríl 2022 til 31. ágúst 2022 tekur þjónustusali að sér að veita allt að 140 notendum í senn þjónustu í húsnæði við xxxxxgötu nr. xx.

Frá og með 1. september 2022 tekur þjónustusali að sér að veita allt að 100notendum í senn þjónustu í húsnæði við xxxxxgötu nr. xx.

Þjónustusali tekur við einstaklingum, fjölskyldum og pörum.

4. gr.
Fjármögnun samningsins og greiðslur

Samningurinn er fjármagnaður af fjárlagalið 07-999-110, Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna, sem er í umsjá þjónustukaupa. Fjárhæðir í samningum eru bæði með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og um að stjórnvöld kunni að ákveða að gera breytingar á þeim við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

Þjónustukaupi útvegur og greiðir húsaleigu fyrir húsnæði fyrir notanda sem og gjöld sem tengjast rekstri húsnæðisins, s.s. vegna hita, rafmagns og sorphirðu.

Þrátt fyrir 2. mgr. skal notandi greiða leigu fyrir húsnæðið, sbr. 1. mgr. 7. gr., hefji notandinn launað starf á því tímabili sem hann fær þjónustu hjá þjónustusala.

Fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli samnings þessa greiðir þjónustukaupi daggjald að fjárhæð 6.700 kr. fyrir hvern notanda sem er í þjónustu hverju sinni.

Komi upp sú staða að þjónusta þjónustusala verði ekki nýtt upp að því marki sem samsvarar þeim launakostnaði vegna starfsmanna sem þjónustusali hefur skuldbundið sig til, með ráðningarsamningum við starfsmenn vegna samnings þessa, greiðir þjónustukaupi þá fjárhæð sem

Athugasemd [ÁL2]: Hlökkver ath að hér er nýtt ákvæði sbr. póst. Kemur svo aftur fyrir í 7. gr.

Athugasemd [HIG3]: Það sem við veltum fyrir okkur varðandi daggjaldið er að nú er ákvæðið hætt á að aðföng t.d. kostnaður varðandi rútufurðir sé að fara hækka töluvert á samninga tímanum. Væru rétt að tengja þessa tölu við vísitölu hækkanir?

Athugasemd [LRA4R4]: Það er víst almennt ekki gert í svona stuttum samningum.

nemur þeim mun. Þó greiðir þjónustukaupi aldrei hærrí fjárhæð til þjónustusala en sem svarar tólf vikna vinnuframlagi í fullu starfi í þremur stöðugildum samkvæmt kjarasamningum. Þjónustusali tryggir að ekki séu gerðir ráðningarsamningar til lengri tíma en sem svarar til gildistíma þessa samnings skv. 17. gr.

Þjónustusali fær greitt daggjald fyrir að annast eftirfarandi þætti:

1. Þjónustusali hefur umsjón með húsnæði sem þjónustukaupi útvegar, sbr. 2. mgr. Í því felst að þjónustusali tryggir þrif á húsnæðinu við upphaf dvalar hvers notanda og eftir atvikum þrif á sameign sem og öryggisgæslu/húsvörslu, eftir því sem við á.
2. Þjónustukaupi útbýr húsnæðið þannig að það sé fullbúið við afhendingu, þar með talið með nauðsynlegum húsgögnum, en þjónustusali útvegar nauðsynlegar persónulegar vörur við upphaf dvalar, s.s. hreinlætisvörur.
3. Þjónustusali annast persónubundna þjónustu, s.s. afgreiðslu fjárhagsaðstoðar, aðstoð við að stofna bankareikning og ljúka við heilbrigðissskoðun ef við á. Enn fremur skal þjónustusali bjóða upp á félagslega ráðgjöf og stuðning fyrir notendur.
4. Þjónustusali tryggir að notandi hafi aðgang að samgöngum séu almenningssamgöngur ekki fyrir hendi.
5. Þjónustusali tryggir að notandi fái þjónustu túlks eftir því sem þörf er á. Þjónustusali metur þörfina og er heimilt að nýta fjarskiptatækni.
6. Þjónustusali tryggir internetaðgang í búsetueiningu, s.s. með þráðlausum netaðgangi.
7. Þjónustusali tryggir virkniúrræði fyrir fullorðna.
8. Þjónustusali tryggir virkniúrræði fyrir börn.

Þjónustusali greiðir allan kostnað vegna starfsmanna í tengslum við samning þennan, þar með talinn allan rekstrarkostnað tengdan starfsmannahaldi. Þjónustukaupi útvegar þjónustusala ekki búnað til starfsins. Sé húsnæði skv. 2. mgr. í dreifbýli útvegar þjónustukaupi þjónustusala starfsaðstöðu fyrir starfsmenn sem sinna ráðgjöf við notendur þjónustunnar.

Greiðslur samkvæmt samningnum eru greiddar þriðja hvern mánuð samkvæmt rafrænum reikningi frá þjónustusala til þjónustukaupa vegna þjónustu sem er innt af hendi samkvæmt samningi þessum. Hverjum reikningi skal fylgja greinargerð, án persónugreinanlegra upplýsinga um notendur, þar sem þjónustusali gerir grein fyrir kostnaði vegna notanda þjónustu. Þar skal m.a. koma fram heildarfjárhæð daggjaldsins sem og heildarfjöldi dvalardaga þar sem úrræði þjónustusala var nýtt og yfirlit yfir þá daga sem barn var í leik- eða grunnskóla.

5. gr.

Hlutverk og ábyrgð þjónustukaupa og Fjölmenningarseturs

Þjónustukaupi hefur eftirlit með nýtingu fjármuna sem greiddir eru á grundvelli samningsins og framkvæmd þjónustusala samkvæmt samningi þessum.

Þjónustukaupi felur Fjölmenningarsetri það hlutverk að tengja saman notanda og þjónustusala.

Þjónustukaupi felur Fjölmenningarsetri að veita þjónustusala þær upplýsingar um notendur sem nauðsynlegar eru til að þjónustusali geti sinnt umsáminni þjónustu samkvæmt samningnum.

Fjölmenningarsetur tilkynnir þjónustusala með skriflegum hætti um upphaf þjónustu hvers notanda sem fær þjónustu samkvæmt samningi þessum.

6. gr.

Hlutverk og ábyrgð þjónustusala

Athugasemd [HIG5]: Hvað þýðir þetta? að við skutum þeim á staðin til að klára skoðunina?

Athugasemd [LRA6R6]: Aðstoðið? Það getur verið að vísa þeim veginn eða ef þið teljið þörf á fylgd þá þarf að koma. Fólk sem kemur til ykkar á að vera búið með skoðunina í langflestum tilvikum

Athugasemd [HIG7]: Er okkur heimilt að rukka fyrir þá þjónustu t.d. ferðir frá Bifröst í Borgarnes sem er í boði tvisvar sinnum á dag?

Athugasemd [LRA8R8]: Já ég myndi telja svo vera. Þið þurfið bara að tryggja að eitthvað sé í boði.

Athugasemd [HIG9]: Bifröst hefur boðið uppá sem sem hluta af húsnæðinu

Athugasemd [LRA10R10]: Þá þurfið þið ekki að hafa áhyggjur af því

Athugasemd [HIG11]: Hvað er átt við með virkniúrræði?

Athugasemd [LRA12R12]: Þetta getur verið námskeið, fræðsla eða einhver virkni. Man t.d. að þið voru að tala um sjálfboðaliða sem voru að kenna ensku t.d.

Athugasemd [HIG13]: Getum við tryggt okkur aðstoð uppá Bifröst í samningum sem þið gerið við Háskólann á Bifröst. T.d. þyrftum við hafa tvær skrifstofur?

Athugasemd [LRA14R14]: Ég skal kanna það, hafið þið haft slíkt þar?

Athugasemd [ÁMS15R14]: Ég skil ekki hvað er rætt um hér.

Athugasemd [ÁL16R14]: Það er vegna fjarlægðar @Ásta Margrét Sigurðardóttir að ólíkt því sem er í Hafnarfirði og Reykjavík þurfa þau í Borgarbyggð að hafa skrifstofuaðstöðu á Bifröst. Húsnæðið er ekki í eigu Borgarbyggðar heldur háskólans. Því þarf að endurskoða ákvæðið (sjá tillögu að breytingu)

Athugasemd [HIG17]: Það munu vera börn í grunnskólanum hjá okkur en við höfum að gefinni reynslu tekið ákvörðun um að leikskólavist sé ekki að ganga upp fyrir þennan hóp.

Athugasemd [LRA18R18]: Þið metið hvað sé best hvað það varðar, það er ekki skólaskylda fyrir leikskólaborn

Í samningi þessum er mælt fyrir um lágmarksþjónustu sem skal veita notendum. Þjónustusali tryggir að þjónusta sé veitt á grundvelli samningsins og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, eftir því sem við á. Þjónustusali tryggir að farið sé að markmiðum samnings þessa og ber ábyrgð á að starfsfólk hans sé hæft til að sinna þjónustu samkvæmt samningnum. Þjónustusali ábyrgist að fjöldi starfsfólks hans sé nægur til að uppfylla öll skilyrði samningsins. Notandi fær skráð lögheimili óstaðsettur í hús í sveitarfélaginu sé ekki hægt að skrá lögheimili á þeim stað sem hann er búsettur.

Þjónustusali gætir þess í störfum sínum að sýna notendum virðingu og kurteisi og tekur tillit til þess að þeir geta verið í viðkvæmri stöðu.

Þjónustusali tekur við þeim aðilum sem Fjölmenningssetur ákveður að skuli njóta þjónustu á grundvelli samningsins, sbr. 5. gr. samningsins um ábyrgð Fjölmenningsseturs við að tengja saman notanda og þjónustusala. Þjónusta á grundvelli þessa samnings er veitt notanda þar til Fjölmenningssetur tilkynnir að viðkomandi skuli ekki lengur njóta hennar.

Þjónustusala er óheimilt að framselja verkefni sín samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila.

Þjónustusali ber ábyrgð á að koma upplýsingum og erindum frá Fjölmenningssetri til notanda, s.s. boðunum í viðtöl. Þjónustusali tilkynnir Fjölmenningssetri skriflega um tilvik sem kunna að koma upp varðandi þjónustu við notanda, s.s. um kvartanir notanda yfir þjónustunni. Komi upp vafamál um veitingu þjónustu skal þjónustusali hafa samráð við Fjölmenningssetur. Sé það mat Fjölmenningsseturs, í samstarfi við þjónustukaupa ef við á, að ráðast þurfi í nauðsynlegar úrbætur á þjónustu við notanda miðað við efni samningsins ber þjónustusala að gera viðeigandi úrbætur á þjónustunni.

Þjónustusali sendir á tveggja mánaðar fresti yfirlit yfir veitta þjónustu og upplýsingar um nýtingu á húsnæði gegnum vefgátt sem þjónustukaupi útvegar.

7. gr. Inntak þjónustu

Notandi á rétt á endurgjaldslausu húsnæði sem þjónustukaupi útvegar, sbr. 2. mgr. 4. gr., og felur þjónustusala að úthluta til notanda. Hefji notandi launað starf á því tímabili sem hann fær þjónustu hjá þjónustusala skal notandinn greiða leigu frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann hefur störf. Mánaðarleg leiga á herbergi skal vera 80 þús. kr.

Fái notandi greidda fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þjónustusala skal við útreikning á fjárhagsaðstoð taka tilliti til þess að notandi dvelur í húsnæði honum að kostnaðarlausu sem og til þess sé notanda útvegað fæði honum að kostnaðarlausu. Til viðmiðunar við útreikning á fjárhagsaðstoð er vísað í fylgiskjal með reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur fjárhagsaðstoðar úr ríkissjóði, nr. 520/2021.

Athugasemd [BG19]: Á að standa hér „hjá leigusala“?

Athugasemd [ÁMS20R20]: ég held að þetta sé rétt svona, er skráður hjá sveitarfélaginu óstaðsettur í hús.
@Áshildur Linnet leiðréttir ef þetta er ekki rétt

Athugasemd [HIG21]: Þýðir það að við getum ekki gert verktak samananga við þriðja aðila t.d. samninginn sem við erum við símenntunarmiðstöð?

Athugasemd [LRA22R22]: Þið getið ekki framselt allt verkefni til annars aðila, þið getið auðvita keypt þjónustu frá símenntunarmiðstöðin

Athugasemd [BG23]: Hvað er átt við? Nýtingu á „plássum“ skv. samningnum? Verður þá ekki að standa að hann veiti upplýsingar um fjölda notenda sem fá þjónustu og að hann á að gera það á tveggja mánaða fresti? Má þá ekki sameina þessar tvær síðustu málsgreinar?

Athugasemd [ÁMS24R24]: sameinaði

Athugasemd [BG25]: Erum við að tala bara um eitt húsnæði? Erum við að tala bara um herbergi, þ.e. eru aldrei stærri einingar, svo sem íbúðir? Hvernig er þetta samspil við það að FRN borgar leigu af húsnæðinu? Hverjum greiðir einstaklingurinn leiguna?

Athugasemd [ÁMS26R26]: þetta er fjárhæð frá framkvæmdasýslunni og miðast við að í þessu húsnæði eru bara herbergi, svo er önnur fjárhæð í samningi hjá Rvk og Reykjanesbæ.

Athugasemd [BG27]: Ekki ef hann greiðir leigu.

Athugasemd [ÁMS28R28]: hann er þá með vinnu og fær ekki fjárhagsaðstoð – þ.e. hann fellur ekki undir þessa málsgrein ef hann greiðir leigu. Breytti aðeins orðalagi svo þetta sé skýrara.

8. gr.

Ráðgjöf, félagslegur stuðningur og virkniúrræði

Þjónustusali býður notendum upp á reglubundna viðtalstíma þar sem veitt er félagsleg ráðgjöf og stuðningur með hliðsjón af lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þjónustusali leitast við að gefa notendum tækifæri til að kynna íbúum og staðháttum í sveitarfélaginu sem og til að afla sér þekkingar á íslensku samfélagi, m.a. með því að upplýsa þá um afþreyingu sem stendur til boða í nærsamfélaginu.

Notendum skal standa til boða virkniúrræði án endurgjalds á vegum þjónustusala.

9. gr.

Þjónustulok

Þjónustusali skal veita notanda þjónustu í allt að þrjá mánuði að jafnaði, sbr. 1. gr., eða þar til Fjölmenningssetur tilkynnir þjónustusala að notandi sé kominn í varanlega búsetu hjá sveitarfélagi. Telst sú tilkynning vísa til þjónustuloka samkvæmt samningi þessum og skal þá notandi ekki lengur njóta þjónustu þjónustusala á grundvelli þessa samnings.

Hverfi notandi úr þjónustu án skýringa tilkynnir þjónustusali Fjölmenningssetri um slíkt og skulu þjónustulok þá miðast við þá dagsetningu sem þjónustusali tilkynnir að notandi sé horfinn úr þjónustu.

10. gr.

Samstarf og samráðsvettvangur

Samráðsfundir skulu haldnir mánaðarlega milli Fjölmenningsseturs og þjónustusala. Samningsaðilar geta óskað eftir fundum þar sem fjallað er um einstök mál varðandi samninginn og þjónustuna á samningstímabilinu.

11. gr.

Eftirlit

Fjölmenningssetur hefur eftirlit með framkvæmd þjónustu á grundvelli samnings þessa, s.s. með nýtingu fjármuna sem greiddir eru á grundvelli samningsins og framkvæmd þjónustusala samkvæmt samningnum, m.a. hvað varðar aðbúnað notenda og inntak þjónustu. Athuga ber að Ríkisendurskoðun er heimilt að kalla eftir greinargerð um framkvæmd samningsins og meta hvort hann hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt.

12. gr.

Persónuvernd

Samningsaðilar skulu fara að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 og öðrum þagnarskylduákvæðum sem málefni notenda varða.

Athugasemd [BG29]: Það er þá væntanlega eitthvað annað sveitarfélag en þjónustusali. Getur það aldrei verið þjónustusali?

Athugasemd [ÁMS30R30]: Það getur verið hvaða sveitarfélag sem er og líka sama sveitarfélag, þ.e. þjónustusali

Athugasemd [HIG31]: Þyrftu að vera einhver ákvæði um hvað gerist ef þjónustuþeggi er ekki kominn í annað úrræði þegar að þrjú mánuðir eru liðnir?

Athugasemd [LRA32R32]: Það var ekki talið þörf á því, þjónustu lýkur þegar hann er kominn fasta búsetu. Ykkur ber ekki að þjónusta lengur en í þrjá mánuði að hámarki. Eftir það þá er það hlutverk MCC/rikisins að finna lausn hafi lausn ekki verið fundinn.

Athugasemd [ÁMS33R32]: Varðandi athugasemd frá Hlökkveru um að skýra betur orðalagið um þjónustulok þá kemur meginreglan fram í 1. gr. samningsins um að þjónusta við hvern notanda skal að jafnaði ekki vara lengur en til allt að þriggja mánaða. Þannig er meginreglan sú að þjónustan skal að jafnaði ekki vara lengur en í þrjá mánuði. Hins vegar lýkur þjónustunni ekki fyrr en MCC tilkynnir þjónustusala um formleg lok þjónustunnar og er það undantekning á meginreglunni. Komi upp þær aðstæður að MCC hefur ekki náð að koma notanda í varanlega búsetu innan þriggja mánaða þá skal þjónustusali halda áfram að þjónusta notanda og rukka daggjald fyrir þá þjónustu.

Athugasemd [BG34]: Hver er sá árangur? Engin markmiðsgrein.

Athugasemd [ÁMS35R35]: erum við þá ekki aðallega að horfa til 4. gr. sem lýsir vel hvaða þjónustu á að veita? Þetta er stöðluð setning sem kemur fram í öðrum samningum sem ég hef séð. Þetta á kannski ekki endilega við hér þar sem ekki er um mælanlegan árangur að ræða en veita ber ákveðna lágmarksþjónustu skv. samningnum.

13. gr.

Meðferð ágreinings, vanefndir og riftun

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samningsins skulu samningsaðilar leitast við að leysa slík mál sín á milli án atbeina dómstóla. Séu vanefndir samningsaðila verulegar eða ef ekki næst að leysa úr ágreiningi er heimilt að rifta samningnum með þriggja mánaða fyrirvara. Mál vegna samnings þessa skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

14. gr.

Breytingar og endurskoðun á samningi

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

Verði breytingar á gildandi lögum, reglugerðum eða fyrirkomulagi er varða þjónustu við notendur skal samningur þessi og viðaukar við hann endurskoðaðir svo fljótt sem verða má eftir gildistöku þeirra breytinga. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustusala verða fjárframlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við breyttan kostnað.

Verði breytingar á fjárframlögum samkvæmt samningi þessum á grundvelli ákvörðunar Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum eða á grundvelli þess að stjórnvöld þurfa að gera breytingar á fjárframlögum vegna aðstæðna í ríkisfjármálum skal samningurinn endurskoðaður m.t.t. hugsanlegrar skerðingar á þjónustu þjónustusala vegna skertra fjárframlaga.

15. gr.

Óviðráðanleg ytri atvik

Komi upp óviðráðanleg ytri atvik (e. *force majeure*), svo sem vegna eldsvoða, farsóttu, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands eða hryðjuverka, sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.

16. gr.

Uppsögn

Uppsögn samningsins skal vera skrifleg og skal uppsagnarfrestur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst samningsaðilum. Hverjum samningsaðila er heimil uppsögn með þriggja mánaða fyrirvara.

17. gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir frá 7. apríl 2022 til 17. ágúst 2023. Þremur mánuðum áður en samningur þessi fellur úr gildi skal liggja fyrir ákvörðun um hvort samið verður um framhald þjónustunnar.

18. gr.

Frumrit samnings

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit. Eitt eintak skal vera í vörslu hvers aðila fyrir sig.

Reykjavík xx. september 2022

F.h. félags- og vinnumarkaðsráðuneytis

F.h. Borgarbyggðar

F.h. Fjölmeningarseturs